
FYRIR
2023



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

**BRIDGESAMBAND
ÍSLANDS**

Matthias Imsland
Framkvæmdastjóri

MARKMIÐ

Meginverkefni Bridgesambandsins undanfarin tvö ár hafa verið

1. Efla barna- og unglingastarf. Verkefni sem hefur verið sett í algjöran forgang.
2. Ná tökum á fjárhag og rekstri sambandsins.
3. Efla kennslu og nýliðun í Bridge.
4. Styrkja ímynd Bridge.

Þessi markmið eru langtímamarkmið - við vinnum að þessu alla daga.



BRIDGESAMBANDIÐ Í HNOTSKURN

Bridge gerir lífið skemmtilegra

Inngangur framkvæmdastjóra

Ég vil byrja á því að minnst Jóns Baldurssonar heimsmeistara og besta bridgespilara sem Íslands hefur átt og Jafets Ólafssonar forseta Sambandsins til margra ára. Þeirra framlag til Bridgesamfélagsins verður seint fullþakkað.

Síðasta ár var að mörgu leyti uppgangs ár fyrir Bridge. Varan er góð og það hefur margsannað sig. Það er ekki nein ástæða til að halda að það hafi eitthvað breyst. Auðvitað hefur samfélagsgerðin breyst en grunngildin eru þau sömu. Bridge tengir saman kynslóðir, reynir á hugann og eflir félagslega vitund. Bridge er nefnilega svo miklu meira en bara spil.

Síðasta ár voru tekin stór skref í endurreisn unglिंगastarfsins, við komumst með okkar hugmyndir inn í nokkra framhaldsskóla og eins vorum við með kennslu í Bridgesambandinu í samstarfi við fjölmarga skóla.

2023 var ár þar sem það var aftur orðið töff að spila bridge, jákvæð umræða um spilið styrkir allt okkar starf. Fólk sækir frekar í að læra bridge og taka þátt. Þessi jákvæða umræða er mikilvæg og það er mikilvægt að við bridgespilurarar ýtum undir það jákvæða sem við sjáum. Látum vita hvað það er skemmtilegt að spila bridge og verum góðir fulltrúar spilsins.

Rekstrarlega var þetta ár nokkuð gott, við náðum að gera upp nánast allar okkar skuldir. Við eigum húsnæðið í Síðumúla skuldlaust og höfum náð að greiða niður flestallar skammtímaskuldir. Hins vegar er fjármögnun starfsins alltaf þung. Sóknartækifærin eru fyrst og fremst í fleiri auglýsingasamningum, fleiri styrkarsamningum og jafnvel vildarvinakerfi. Við sjáum að hlutfall styrkja í okkar rekstri er hlutfallslega lágt ef við skoðum sambærilegan rekstur.

Ég vil þakka stjórn og öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu. Ég vona að þetta ár verði ár jákvæðni og áframhaldandi uppbyggingar.

Matthias Imsland

FRAMHALDSSKÓLA BRIDGE

Við tókum stór skref í framhaldsskólabridge á árinu. Við fórum í samstarf við Fjölbrautaskólann í Mosfellsbæ um aðferðarfræði í náminu. Við ákváðum að tvískipta áherslum. Í fyrsta lagi að styðja við þá skóla sem eru að kenna bridge sjálfir. Yfirleitt er það þannig að til að áfangi sé kenndur þurfa að vera að lámarki 12 nemendur. Við höfum lagt til kennara, búnað og námsefni til að styrkja þá skóla sem hafa kennt sjálfir. FSU hefur verið öflugastur undanfarin ár ásamt Fjölbrautaskólanum í Mosfellsbæ.



Úr framhaldsskólabridge



Úr framhaldsskólabridge

Síðasta ár voru 30 nemendur í áfanga í MK og 13 í áfanga í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Bridgesambandið tók hins vegar að sér kennslu fyrir þá skóla sem ekki náðu lágmarksfjölda. Nemendur úr Tækniskólanum, MS, FB, FNV og Fjölbrautaskólanum í Mosfellsbæ mættu í Síðumúla eða tóku þátt í fjarkennslu.

Boðið var upp á 3e nám og 5e nám. Allt heppnaðist mjög vel og var mikil almenn ánægja meðal nemenda sem og skólayfirvalda.

Gunnar Björn, Valgarð og Magnús sáu um kennsluna.

Í þessum grunnáfanga í bridge er farið í alla helstu grunnþætti spilsins. Nemendur byrja á því að læra einfaldaða útgáfu sem nefnist mínibridge þar sem stigagjöf, spilamat, úrspilun og vörn eru í forgrunni.

Í framhaldi af því er farið að spila hefbundinn bridge með notkun sagnkerfis. Í þessum grunnáfanga læra nemendur Standard sagnkerfið í nokkuð einfaldri mynd. Í kennslustundum er blandað saman æfingum og spilamennsku.

Töluvert er spilað á internetinu og skrá nemendur sig á BridgeBase þar sem hægt er að setja upp ákveðna tegund af spilahöndum og greina síðan spilin í hópumræðum á eftir.

Öll kennsla fer fram í húsnæði Bridgesambandsins í Síðumúla 37, 3. hæð. Nemendur í skólum utan höfuðborgarsvæðisins geta tekið þátt í gegnum Teams.

Samhliða kennslunni geta þeir nemendur sem vilja ljúka 5 einingum tekið þátt í byrjendamótum á fimmtudagskvöldum og þurfa að hafa tekið þátt í ákveðið mörgum mótum yfir önnina.

Lokamarkmið áfanga er að nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

mínibridge

grunnreglum í Bridge

mismunandi stigakerfum

standard sagnkerfinu

notkun sagnabakka og hegðunarreglum við spilaborðið

notkun bridgeforrita á netinu og hegðunarreglum í netheimum

Að nemandi hafi öðlast leikni í að meta styrk spila og tjá þann styrk með sagnkerfi, vinna með spilafélaga til að ná réttum samningi, gera spilaáætlun sem sagnhafi til að ná hámarksfjölda slaga, vinna með spilafélaga í vörn með leyfilegum merkingum.

Reikna út stig á mismunandi formi

Að nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna samvinnu og umburðarlyndi gagnvart spilafélögum
- vinna skipulega að settum markmiðum
- þróa sinn eigin spilastíl
- þróa hæfni í áætlunagerð
- spila bridge sér til ánægju og yndisauka

Það var áberandi að fáir af þeim sem tóku þátt í bridgenáminu voru í öðru skipulögðu félagsstarfi. Var góð mæting og höfðu krakkarnir mjög gaman af náminu.

Eitt af því sem hefur verið áherslumál hjá okkur er að fá iðkendur sem hafa ekki fundið sig í öðru starfi. en hafa svo fundið sig í bridge. Þó Bridgesambandið hafi verið með mjög mikla áherslu á jafnréttismál undanfarin ár sjáum við að brottfall drengja úr framhaldsnámi er oft út af skilningsleysi kerfisins og skorti á verkfærum fyrir þá. Eitthvað til að auka áhuga og kalla fram styrk þeirra og félagsfærni. Höfum við séð að þessi hópur finnur sig oft í bridge. Þarna er komið verkfæri til að efla viðkomandi ungmenni og búa frekar undir framtíðina. Þetta er verkefni sem Bridgesambandið mun halda áfram að hafa í forgrunni.

Eins höfum við séð erlendar rannsóknir sem sýna að krakkar sem læra bridge efla námsárangur sinn, ekki síst þegar kemur að raungræinum.



Úr framhaldsskólabridge í MK

Framhaldsskólamótið í tvímenning var endurreist eftir mörg ár í dvala. 16 pör spiluðu og urðu úrslit eftirfarandi

1. Alex og Hilmar úr MS 75,5% og fengu þeir 15þús króna gjafabréf í Smáralind í verðlaun.
2. Hjörtur og Pétur úr MK 73,5% og fengu þeir 12þús króna gjafabréf í Smáralind í verðlaun.
3. Stefán og Jóhannes úr MK 69,5% og fengu þeir 10þús króna gjafabréf í verðlaun.

Aukaverðlaun 100\$ dró Elisabet úr MK.

BARNA- OG UNGLINGASTARF



Markmið okkar er að búa til og viðhalda barna- og unglिंगastarfi. Ýta undir áhuga yngri spilara og hlúa að áhugasömum aðilum.

Stefnt er að því að vera með afrekshóp starfandi sem hægt verður að byggja á unglingalandslið. Mun Magnús halda utan um það starf.

Töluvert af ungum spilurum hafa verið að fara í gegnum starfið, verkefnið er að halda því við og auka áhuga á framhaldinu.

Að okkar mati er barna- og unglिंगastarf mikilvægasta starf sambandsins og á að vera í algjörum forgrunni þegar horft er til tíma og fjárútláta. Við sjáum mikla möguleika í þessum málaflokki.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þetta er langhlaup. Úthald og þolinmæði er það sem þarf.

Á síðasta ári gáfum vel í þegar að kemur að ýmsu starfi sem viðkemur börnum og unglingum. Allt starf okkar í barna- og unglिंगastarfi er iðkendum algjörlega að kostnaðarlausu.

Í upphafi árs fengum við Indu til að halda utan um starfið og bættist svo Magnús við.

Magnús hefur núna yfirumsjón með starfinu. Hjálpar hann til við framhaldsskólabridge og leiðbeinir ungum iðkendum bæði sem hafa komið í gegnum framhaldsskólabridge eða í gegnum námskeið.

Á föstudögum erum við með opið hús milli 16 og 19 þar sem áhugasamir geta komið og spilað og spjallað.



BRIDGESKÓLINN

Bridgesambandið tók yfir rekstur Bridgeskólans, enda Guðmundur Páll búinn að standa vaktina fyrir hreyfinguna í langan tíma. Gunnar Björn tók að sér að halda utan um skólann. Frítt er fyrir börn og ungmenni í skólann eins og í öllu öðru starfi sambandsins. Er óhætt að segja að algjör sprengja hafi verið í starfi skólans á árinu. Uppselt var á hvert námskeiðið af öðru og biðlisti á flest námskeið. Námskeiðin voru haldin í Síðumúla, en einnig voru námskeið á Akureyri, Þorlákshöfn og Hafnarfirði. Jafnframt var haldið sérstakt námskeið fyrir Sameyki stéttarfélag.

Fjölmörg framhaldsnámskeið voru einnig haldin og var sama sagan þar, uppselt var á öll námskeið.



Guðmundur Páll hefur skrifað bækur sem notaðar eru í kennsluna, tvær um kerfið og svo eina um úrspilið. Í sumar kemur svo út bók um vörnina. Verða námskeiðin áfram byggð á þessum fjórum bókum enda ómetanleg þekking sem hefur verið safnað saman um hvernig best er að kenna bridge.

Það eru sífellt yngri spilarar sem fara í gegnum Bridgeskólann sem er til marks um þá jákvæðu umræðu sem hefur verið um spilið. Eins er áhugavert að fleiri konur mæta á námskeið en karlar.

Þeim sem mæta í Bridgeskólann er síðan boðið upp á að mæta í nýliðabridge sem er á fimmtudögum. En þar er boðið upp á að spila með aðstoð kennara.



NÝLIÐABRIDGE

Á fimmtudögum er spilaður tvímenningur með aðstoð kennara. Hugmyndafræðin með nýliðakvöldunum er að spila kvöldin séu brú á milli þess að læra bridge og fara að spila í klúbbum. Það getur verið stórt skref að mæta á tvímenningismót og eins og allir þekkja getur tekið tíma að vinna sig upp. Frítt er fyrir börn og ungmenni á spila kvöldin. Spiluð eru um 20 spil á kvöldi og farið yfir úrlausnarefni.

Inda hefur sér um nýliðakvöldin og hefur verið ágæt mæting og ánægja hjá spilurum með framkvæmd.

Við höfum sett okkur það markmið að um 15% af þeim sem fara í gegnum Bridgeskólann skili sér í nýliðabridge eða í annarskonar spilamennsku. Við höfum ekki verið að ná þessu markmiði og höfum verið að leita leiða til að fá fólk til að mæta í Síðumúlann í áframhaldandi spilamennsku.


Við höfum einnig verið að heyra af fleiri spila klúbbum þar sem fólk með minni reynslu er að spila saman. Gott dæmi um slíkt er klúbburinn 7 spaðar sem er virkilega gaman að fylgjast með.

Einstaka klúbbar hafa verið með nýliðakvöld sem hafa gefist vel. Þar eru reyndari spilarar að spila með nýliðum. Aðrir klúbbar hafa farið þá leið á sumum mótum að raðað er í sveitir eða pör eftir reynslu.

Það sem er mikilvægast er að vel sé tekið á móti óreyndum spilurum með jákvæðni og þolinmæði. Það er mikilvægt að fólk upplifi sig velkomið. Oft þarf líka aðeins að ýta við fólk, það er mikið af spilurum sem eru tilbúnir að spila en vantar kannski smá hvatningu. Þannig er sterkt að spilarar séu annað slagið að fá einhvern með sér á spila kvöld sem hefur lært bridge en hefur ekki verið að mæta.

Fleiri og fleiri nýliðar eru á spjallinu okkar og eru að taka þátt í bridgesamfélaginu. Því er mikilvægt að þeir upplifi þá jákvæðni sem hefur einkennt starfið undanfarið ár. Það á að vera skemmtilegt að spila bridge og það er skemmtilegt að spila bridge. Fólk vill taka þátt í hlutum sem eru skemmtilegir og uppbyggjandi. Þannig eigum við frekar að vera að ýta undir það jákvæða sem við sjáum í spilu og vera hvetjandi. Það skilar sér í fleiri spilurum og meiri áhuga. Jákvæðni er algjört lyklatríði.

AUKINN SÝNILEIKI



Við höfum lagt mikla áherslu á sýnileika Bridge. Jákvæð umræða er samt það sem gefur okkur mest. Við finnum fyrir aukinni jákvæðni gagnvart spilinu í samfélaginu og þannig tekur fólk frekar eftir spilinu og vill frekar taka þátt.

Við höfum gefið mikið í þegar kemur að sýnileika. Við viljum styrkja vöruna okkar og vekja á henni athygli.

Sjónvarpsefni

Við höfum verið í samstarfi við gerð þáttanna Bridge fyrir alla. Það hefur verið gott áhorf á þættina auk þess sem mikið af efni um bridge hefur verið tekið upp. Eins höfum við verið í samstarfi við Bridgetv sem eru með frábært efni.

Þar að auki höfum við verið að styrkja gerð bridgeþátta sem verða sýndir á RUV fljótlega í framleiðslu Othar Raven Pictures & TV.

Samfélagsmiðlar

Við höfum aukið sýnileikann verulega á samfélagsmiðlum. Auglýsingar um viðburði og námskeið eru mun sýnilegri en áður. Auðvelt er að nýta vel fjármagn eftir þeim áherslum sem eru hverju sinni í starfinu.

Fjölmiðlar

Við höfum verið mjög öflug þegar kemur að því að ýta efni að fjölmiðlum. Björn Þorláksson hefur verið lykilmaður í því og hans aðstoð ómetanleg.

STJÓRN BSI 2023-2024



Brynjar Nielsson
Forseti




Guðný
Guðjónsdóttir



Hrannar
Erlingsson



Sigurður Páll
Steindórsson



Gunnar Björn
Helgason



Dagbjört
Hannesdóttir




Gunnlaugur
Karlsson

REKSTURINN

Við erum að ná verulegum viðsnúningi í rekstri sambandsins. Við skiluðum um 4 milljóna hagnaði 2023 við nokkuð erfiðar aðstæður. Þetta er þó gert með því að reka sambandið eins hagkvæmt og hægt er sem bitnar vitaskuld á ýmum þáttum. Eins er orðin veruleg viðhaldspörf, bæði á búnaði og umhverfi sambandsins en líka á sameign og húsnæðinu. Er ljóst að ef það þyrfti að fara í dýrar framkvæmdir á húsnæði væri það ill yfirstiganlegt.


Árið 2022 var sambandið rekið með 5.5 milljóna tapi og um 8 milljóna tapi 2021. Það er því mikið fagnaðarefni að sjá þennan góða viðsnúning milli ára.




Tekjur hafa aukist verulega eða úr 34 milljónum í 58 milljónir á milli ára. Hafa tekjur af mótum hafa aukist um rúmlega 9 milljónir, auk þess sem námskeið hafa verið að gefa tæplega 9 milljónir.


Þjónustusamningur við ríkið hefur vaxið jafnt og þétt síðastliðin tvö ár. Mikilvægt er að átta sig á að forgangsröðun hjá hinu opinbera er auðvitað rekstur sambandsins en öll áhersla er á barna- og unglíngamál. Mjög lítið kemur frá stjórnvöldum í afreksmál sem þýðir að nema við ætlum að færa fjármagn frá barna og unglíngastarfi í landsliðsmál þá þarf að finna fleiri leiðir til að fjármagna landsliðið.

Samanburður á tekjum milli ára.



Það er áhugavert að skoða samsetningu á tekjum Sambandsins en sá samanburður speglar hvar tækifærin liggja.





Sóknarfæri Sambandsins í tekjuöflun er augljóslega í formi auglýsingasamninga, styrkja og jafnvel vildarkerfis. Að mínu mati ætti hlutfall af styrkjum og auglýsingum að vera að minnsta kosti 20% af tekjum. Þarna verðum við bridgespilarar að standa saman og finna spennandi aðila sem vilja vinna með okkur.

Umræða um bridge er mjög jákvæð í samfélaginu og það er meðbyr, þennan meðbyr þarf að nýta. Við höfum líka verið góður samstarfsaðili. Þannig höfum við gert góð skil á Rapyd í tenglum við Reykjavík Rapyd Bridgefestival og eins Kólus og Þrist í tengslum við Þristamótið. Allt samstarf þarf að byggjast á sameiginlegu átaki til að báðir njóti góðs af samstarfinu.

HELSTU MÓT Á ÁRINU

REYKJAVÍK BRIDGEFESTIVAL

Sveit Black sem vann næsta öruggan sigur í sveitakeppni Reykjavík Bridge Festival sem lauk um kvöldmatarbil á sunnudeginum í Hörpu, var með enskt heiti en þrír af spilurum í sveitinni eru Svíar. Hún endaði með 142,9 stig en meðalskor var 100 stig.

Meðlimir í sveit Black voru, Andrew Black, Andrew McIntosh og Tom Paske, sem eru enskir og Svíarnir Símon Hult, Peter Berthau og Gunnar Hallberg.

Íslenska sveitin J.E.Skjanni var með góða forystu eftir fyrri daginn í keppninni en gekk afleitlega seinni daginn og endaði í 10-11 sæti. Sveit Black var með 9 stiga forystu fyrir síðustu umferðina og vann þægilegan sigur 13,72-6,28 gegn sænskri sveit Fredin sem varð að sætta sig við áttunda sætið.

Efsta íslenska sveitin, Grant Thornton, varð í fimmta sæti með rúmlega 127 stig.



Sveit Black

Lokastaða 11 efstu sveita varð þannig.

1. Black 142,98
2. Ballebo 134,31
3. Don Julio 132,44
4. Harris 127,97
5. Grant Thornton 127,21
6. Hauge 127,20
7. De Botton 126,62
8. Fredin 126,40
9. The Crazies 126,32
- 10-11. Hjördís Eypórsdóttir 123,42
- 10-11. J.E.Skjanni 123,42



Tor Eivind Grude og Christian Bakke

Tíu efstu pörin voru þessi.

1. 57,6% Tor Eivind Grude – Christian Bakke
2. 57,2% Gunnlaugur Karlsson - Kjartan Ingvarsson
3. 57,2% Sabine Auken - Roy Welland
4. 56,8% Jostein Sørvoll - Svein Arild Naas Olsen
5. 56,7% Birkir Jón Jónsson - Matthías Þorvaldsson
6. 56,3% Hjördís Eypórsdóttir - Janice Seamon-Molson
7. 56,2% Julius Sigurjonsson - Frederic Wrang
8. 55,7% Gunnar Hallberg - Simon Hult
9. 55,3% Bragi Hauksson - Helgi Jónsson
10. 55,2% Andrew McIntosh - Tom Paske

Norskt par, þeir Tor Eivind Grude og Christian Bakke, unnu sigur í tvímenningskeppni Bridgehátíðar. Þetta var kærkominn sigur hjá þeim því þetta var í fyrsta sinn sem þeir vermdu fyrsta sætið allt mótið, með 57,6% skor.

Íslenska parið Gunnlaugur Karlsson og Kjartan Ingvarsson enduðu í öðru sæti, mjög stutt á eftir með 57,2% skor.

Þýska parið Sabine Auken og Roy Welland þurfti að sætta sig við að detta niður í þriðja sæti með 57,2% skor, aðeins fyrir neðan Gunnlaug og Kjartan. Það var svekkjandi fyrir þau, því þau vermdu lengi efsta sætið.

Íslendingarnir Birkir Jón Jónsson og Matthías Gísli Þorvaldsson náðu fimmta sæti með 56,7% skor.

Hjördís Eypórsdóttir og Janice Seamon-Molson fyrrverandi heimsmeistarar kvenna, enduðu í sjötta sæti.

LANDSLIÐSKEPPNI

Landslið Danmerkur sigraði landsliðskeppni kvenna sem haldin var í Hafnarfirði. Í liði Danmerkur spiluðu þær Clara Brun Petersen, Lea Thrane Jakobsen, Amalie Rosa Bune og Shophie Laura Bune

Mót sem þetta er mikilvægt fyrir íslensku liðin, spila við andstæðinga sem spilarar eru ekki vanir að spila við. Gegn spilurum sem eru með alþjóðlega reynslu.

Eins var þetta æfingamót líka til að byggja upp spilaúthald. Það að spila fjóra daga á Reykjavík Bridge Festival og svo strax landsleiki gegn sterkum spilurum byggir upp úthald og eflir einbeitingu sem þarf svo sannarlega á að halda t.d. þegar spilað er á Evrópumóti sem stendur yfir í tvær vikur.

Í opna flokknum var það öflug sveit Svíþjóðar og Englands sem vann landsliðskeppnina sem einnig var spiluð í Hafnarfirði. Í sveitinni spiluðu þeir Andrew Black - Andrew Mcintosh - Tom Paske - Simon Hult - David Gold - Gunnar Hallberg

Þetta er sama sveit og vann sveitakeppni Reykjavík Bridgefestival fyrir utan að David Gold spilaði í staðinn fyrir Peter Bertheau.

Þjóðverjar urðu í öðru sæti en í þýska liðinu spiluðu þeir Peter Jokish - Udo Kasimir - Guido Hopfenheit - Sebastian Reim.



Bune systurnar frá Danmörku

ÍSLANDSMÓT Í PARATVÍMENNING

Það var frábær þátttaka í Íslandsmótinu í paratvímennning þar sem 34 pör spiluðu. Bryndís Þorsteinsdóttir og Jón Ingbórsson unnu mótið með 56,34% skor. Efstu pör urðu eftirfarandi.

1. Bryndís Þorsteinsdóttir - Jón Ingbórsson 56.34%
2. Ljósbrá Baldursdóttir - Matthías Þorvaldsson 55.56%
3. Hrafnhildur Skúladóttir - Halldór Þorvaldsson 54.77%
4. María Haraldsdóttir Bender - Stefán Stefánsson 54.25%
5. Alda Guðnadóttir - Ísak Örn Sigurðsson 53.65%



Bryndís Þorsteinsdóttir og Jón Ingbórsson

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNING



Stefán Jóhannsson og Ómar Olgeirsson

Skemmtilegu Íslandsmóti í tvímennning lauk með öruggum sigri Ómars Olgeirssonar og Stefáns Jóhannssonar. Ómar og Stefán tóku forystu snemma á mótinu og var sigur þeirra aldrei í hættu. Fin mæting var á mótið sem var það fjölmennasta í 12 ár.

Efstu þrjú pörin voru

1. Ómar Olgeirsson og Stefán Jóhannsson með 61,24%
2. Rúnar Einarsson og Guðjón Sigurjónsson með 56,37%
3. Hrannar Erlingsson og Snorri Karlsson með 55,04%

ÍSLANDSMÓT Í SVEITAKEPPNI KVENNA

Sveit Ljósbrár vann Íslandsmót kvenna í sveitakeppni með miklum yfirburðum. Fékk sveitin 137.66 stig á meðan sveitin í öðru sæti fékk 111.90 stig.

Efstu 5 sveitir urðu

1. sæti með 137.66 stig sveit Ljósbrár.

Ljósbrá Baldursdóttir - Hjördís Sigurjónsdóttir - Anna Ívarsdóttir - Guðrún Óskarsdóttir

2. sæti með 111.9 stig sveit Eldingar

Arngunnur Jónsdóttir - Alda Guðnadóttir - Bryndís Þorsteinsdóttir - Svala K Pálsdóttir

3. sæti með 108.17 stig sveit Tekt ehf.

Anna Guðlaug Nielsen - Helga Helena Sturlaugsdóttir - Harpa Fold Ingólfssdóttir - María Haraldsdóttir Bender

4.sæti með 98.49 stig Læðurnar

Svanhildur Hall - Hallveig Karlsdóttir - Inda Hrönn Björnsdóttir - Anna Heiða Baldursdóttir

5.sæti með 92.9 stig sveit Öskju

Emma Axelsdóttir - Guðrún Bergmann - Ingibjörg Guðmundsdóttir - Sólveig Jakobsdóttir



Sveit Ljósbrár

ÍSLANDSMÓT Í SVEITAKEPPNI

Það var frábært mót sem var haldið í Fjölbrautaskóla Ármúla. Voru 31 sveitir sem mættu til leiks og spiluðu Monrad.

Voru tólf sveitir sem unnu sér inn rétt til að spila í úrslitum. Voru sveitir að detta inn og út af listanum sem gaf rétt til þátttöku í úrslitum alveg fram í síðasta slag í síðasta spili mótsins.

Þær 12 sveitir sem komust áfram voru:

Sæti	Stig	Sveit	Spilarar
1	174.95	InfoCapital	Aðalsteinn Jörgensen - Bjarni H Einarsson - Matthías Þorvaldsson - Birkir Jón Jónsson - Jón Baldursson - Sigurbjörn Haraldsson
2	148.15	Tick Cad ehf.	Guðjón Sigurjónsson - Rúnar Einarsson - Hlynur Garðarsson - Jón Ingpórsson - Ómar Olgeirsson - Stefán Jóhannsson
3	142.02	EKKERT AÐ FRÉTTA	Björn Þorláksson - Vignir Hauksson - Frímann Stefánsson - Reynir Helgason - Skúli Skúlason - Bergur Reynisson
4	138.84	Hreint ehf.	Gylfi Pálsson - Helgi Steinsson - Jónas Róbertsson - Kristinn Þórisson - Sveinn T Pálsson - Viðar Ólason
5	138.31	Betri Frakkar	Björn Eysteinnsson - Guðmundur Sv. Hermannsson - Steinar Jónsson - Ragnar Magnússon - Júlíus Sigurjónsson - Rúnar Magnússon
6	137.37	Járntjaldið	Sigurður Páll Steindórsson - Þórarinn Ólafsson - Ólafur Steinason - Matthías Imsland - Hlöðver Tómasson - Gústaf Steingrímsson
7	135.21	Hótel Norðurljós	Hlynur Angantýsson - Karl G Karlsson - Gunnlaugur Sævarsson - Kristján Már Gunnarsson - Hermann Friðriksson
8	131.6	Guðmundur Ólafsson	Guðmundur Ólafsson - Hallgrímur Rögnvaldsson - Tryggvi Bjarnason - Jón Alfreðsson
9	130.93	Grant Thornton endurskoðun	Sveinn Rúnar Eiríksson - Guðmundur Snorrason - Stefán Stefánsson - Magnús E Magnússon - Anton Haraldsson - Guðmundur Halldór Halldórsson
10	130.88	Doktorinn	Gunnar B Helgason - Einar Jónsson - Ómar Freyr Ómarsson - Örvar Óskarsson - Egill Darri Brynjólfsson - Ari Konráðsson
11	129.05	Arkitek	Jón Sigurbjörnsson - Björk Jónsdóttir - Kristján Blöndal - Ragnar Hermannsson - Sigurjón Harðarson - Ólafur Sigmarsson
12	129.03	Kemi	Sverrir Þórisson - Haraldur Ingason - Sigurður Vilhjálmsson - Guðmundur Sveinsson - Jón Þorvarðarson - Þórir Sigursteinsson

Úrslitin voru spiluð í Þorlákshöfn og urðu aldrei spennandi. InfoCapital tók snemma forystu og rúllaði yfir mótið. Síðasta daginn spiluðu svo fjórar efstu sveitirnar til úrslita. Urðu þeir Jón Baldursson og Sigurbjörn Haraldsson bötlermeistarar með risa bötler +1,7



Sveit InfoCapital

Urðu úrslit eftirfarandi

1. sæti með 215.84 stig InfoCapital

Aðalsteinn Jörgensen - Bjarni H Einarsson - Matthías Þorvaldsson - Birkir Jón Jónsson - Jón Baldursson - Sigurbjörn Haraldsson

2. sæti með 187.85 stig Grant Thornton endurskoðun

Sveinn Rúnar Eiríksson - Guðmundur Snorrason - Stefán Stefánsson - Magnús E Magnússon - Sighvatur Pálsson - Anton Haraldsson.

3. sæti með 169.74 stig Hótel Norðurljós

Hlynur Angantýsson - Karl G Karlsson - Gunnlaugur Sævarsson - Kristján Már Gunnarsson - Hermann Friðriksson

4. sæti með 148.41 stig Betri Frakkar

Björn Eysteinnsson - Guðmundur Sv. Hermannsson - Steinar Jónsson - Ragnar Magnússon - Júlíus Sigurjónsson - Alexander Smirnov

Kjördæmamót

kjördæmamótið var spilað að þessu sinni í Færeyjum. Sigurvegarar með miklum yfirburðum og það annað árið í röð, var lið Norðurlands eystra.

Liðið spilaði afar þétt sem heild og vann verðskuldaðan sigur. Færeyingar héldu vel um mótið og þetta var góð upplifun í alla staði. Slúttið var svo "Færeyinga spésíal" sem samanstendur af góðum mat með hellings söng og fjöri í eftirrétt. Niðurstaðan er semsagt sú, það að sækja Færeyinga heim er bara einkar gaman og rúsinan er að geta líka spilað hellings bridge!



Spilað var í íþróttahúsi í Þórshöfn

Heildarstaða Kjördæmanna
1 Norðurland Eystra 367.31
2 Reykjavík 312.18
3 Færeyjar 299.86
4 Reykjanes 296.63
5 Austurland 280.21
6 Suðurland 236.71
7 Norðurland Vestra 235.33
8 Vesturland-Vestfirðir 211.77



Sveit Norðlands Eystra sem var að verja titilinn

Bikarinn

32 sveitir voru skráðar til leiks í Bikarinn. Var það mesti fjöldi sveita í langan tíma. Var spilað um sumarið og spilað var víða um land.



Sveit InfoCapital

Í undanúrslitum mættust svo Hótel Norðurljós (Hlynur Angantýsson - Karl G Karlsson - Gunnlaugur Sævarsson - Kristján Már Gunnarsson) og Járntjaldið (Þórarinn Ólafsson - Sigurður Páll Steindórsson - Ólafur Steinason - Matthías Imsland - Ómar Freyr Ómarsson - Tryggvi Ingason) sem lauk með öruggum sigri Hótel Norðurljósa. Í hinum leiknum mættust svo InfoCapital (Matthías Þorvaldsson - Birkir Jón Jónsson - Bjarni H Einarsson - Aðalsteinn Jörgensen - Sigurbjörn Haraldsson) og Tick Cad (Guðjón Sigurjónsson - Hlynur Garðarsson - Jón Ingbórsson - Ómar Olgeirsson - Stefán Jóhannsson - Vignir Hauksson) lauk leiknum með öruggum sigri InfoCapital.

Úrslitaleikurinn var milli InfoCapital og Hótel Norðurljósa. Var leikurinn spennandi, sérstaklega framan af en endaði með sigri InfoCapital 118-166. Í leiknum um þriðja sæti vann TickCad sigur á Járntjaldinu.

ML sveitin spilaði sinn heimaleik í Kópavogi



Gestirnir úr sveit Páls Þórssonar mættir í flugstöðina á Hólmarvík

Sveitir InfoCapital og Kjöriss



Íslandsmót kvenna í tvímenning

Íslandsmót kvenna í tvímenning var mjög spennandi að þessu sinni. Skiptust þör á forystunni nánast í hverri umferð.

Það voru þær Harpa og María sem unnu sigur eftir góðan endasprett.

Lokastaðan efstu sveita varð eftirfarandi.

- 1.sæti með 56.55% Harpa Fold Ingólfsdóttir - María Haraldsdóttir Bender
2. sæti með 55.97% Svala K Pálsdóttir - Bryndis Þorsteinsdóttir
3. sæti með 54.96% Rosemary Shaw - Ólöf Ingvarsdóttir
- 4.sæti með 54.71% Guðný Guðjónsdóttir - Þorgerður Jónsdóttir
5. sæti með 54.29% Arngunnur Jónsdóttir - Alda Guðnadóttir



3 efstu þörin í Íslandsmóti kvenna í tvímenning

Deildarkeppnin

Í 1. deild spiluðu 10 sveitir en 4 af þeim fóru áfram í undanúrslit.

Í 1. sæti með 127.2 stig var sveit Betri Ferða Guðmundur Páll Arnarson - Þorlákur Jónsson - Ragnar Magnússon - Steinar Jónsson - Júlíus Sigurjónsson - Guðmundur Sv. Hermannsson

Í 2. sæti með 113.48 stig var sveit InfoCapital Sigurbjörn Haraldsson - Matthías Þorvaldsson - Birkir Jón Jónsson - Aðalsteinn Jörgensen - Bjarni H Einarsson - Sverrir G Ármannsson

Í 3. sæti með 108.3 stig var sveit Grant Thornton endurskoðun Guðmundur Snorrason - Magnús E Magnússon - Gunnar B Helgason - Stefán Stefánsson - Sighvatur Pálsson - Kjartan Ásmundsson

Í 4 sæti með 96.96 stig var svo TM Selfossi Kristján Már Gunnarsson - Gunnlaugur Sævarsson - Björn Snorrason - Runólfur Þór Jónsson - Hermann Friðriksson - Karl G Karlsson

Sveit Betri Ferða mátti velja andstæðing í undanúrslitum og valdi TM. Sveit Betri Ferða sigraði þann leik örugglega. Hinn undanúrslitaleikurinn var æsispennandi þar sem sveit Grant Thornton komst áfram.

Úrslitaleiknum lauk svo með sigri Grant Thornton.



Sveit Grant Thornton

2. deildin var spiluð samhliða undanúrslitunum. 14 sveitir spiluðu og urðu efstu sveitir eftirfarandi

1. sæti með 97.77 stig Tick Cad

Rúnar Einarsson - Guðjón Sigurjónsson - Hlynur Garðarsson - Jón Ingbórsson - Ómar Olgeirsson - Stefán Jóhannsson

2. sæti með 86.14 stig Þruma

Harpa Fold Ingólfadóttir - María Haraldsdóttir Bender - Arngunnur Jónsdóttir - Alda Guðnadóttir

3. sæti með 83.36 stig Vinir Gylfa

Frimann Stefánsson - Reynir Helgason - Björn Þorláksson - Tryggvi Ingason - Kristinn Kristinsson - Kristján Þorsteinsson

4. sæti með 82.93 stig Hjálmar S. Pálsson

Hjálmar S Pálsson - Unnar Atli Guðmundsson - Magnús Sverrisson - Halldór Þorvaldsson - Árni Már Björnsson - Heimir Tryggvason

5. sæti með 82.68 stig Vopnabræður

Guðmundur Skúlason - Sveinn Stefánsson - Bergur Reynisson - Skúli Skúlason - Vigfús Pálsson - Rosemary Shaw

Íslandsmótið í parasveitakeppni

18 sveitir tóku þátt í Íslandsmótinu í parasveitakeppni.

Varð lokaniðurstaðan eftirfarandi.

1. sæti með 107.05 stig Ljósbrá Baldursdóttir

Ljósbrá Baldursdóttir - Matthías Þorvaldsson - Hjördís Sigurjónsdóttir - Kristján Blöndal

2. sæti með 99.56 stig Sex í sveit

Anna Ívarsdóttir - Birkir Jón Jónsson - Björk Jónsdóttir - Jón Sigurbjörnsson - Guðrún Óskarsdóttir - Agnar Örn Arason

3. sæti með 96.62 stig Jörgi litli

Svala K Pálsdóttir - Aðalsteinn Jörgensen - Bryndís Þorsteinsdóttir - Jón Ingbórsson

4. sæti með 88.84 stig Kólus

Inda Hrönn Björnsdóttir - Björn Þorláksson - Anna Heiða Baldursdóttir - Ingimundur Jónsson

5. sæti með 87.42 stig Tekt ehf

Helga Helena Sturlaugsdóttir - Ómar Olgeirsson - Anna Guðlaug Nielsen - Þórarinn Ólafsson



Sveit Ljósbrár

Lokamót sumarbridge

1. sæti með 62.6% Matthias Imslan - Ómar Freyr Ómarsson

2. sæti með 59.9% Aðalsteinn Jörgensen - Svala K Pálsdóttir

3. sæti með 58.17% Sigurbjörn Haraldsson - Birkir Jón Jónsson

4. sæti með 56.83% Guðný Guðjónsdóttir - Þorgerður Jónsdóttir

5. sæti með 55.19% Halldór Þorvaldsson - Magnús Sverrisson

Framhaldsskólamótið í tvímenning

Framhaldsskólamótið í tvímenning var spilað í fyrsta skipti í mörg ár. 16 pör spiluðu og urðu úrslit eftirfarandi

1. Alex og Hilmar úr MS 75,5% og fengu þeir 15þús króna gjafabréf í Smáralind í verðlaun.
2. Hjörtur og Pétur úr MK 73,5% og fengu þeir 12þús króna gjafabréf í Smáralind í verðlaun.
3. Stefán og Jóhannes úr MK 69,5% og fengu þeir 10þús króna gjafabréf í verðlaun.



Framhaldsskólameistarar 2023

Aukaverðlaun 100\$ dró Elísabet úr MK

Íslandsmótið í bötler tvímenning



Jón Ingþórsson og Hlynur Garðarsson

Það voru 27 pör sem spiluðu Íslandsmótið í bötler tvímenning

1. sæti með 57 stig Hlynur Garðarsson - Jón Ingþórsson
2. sæti með 53 stig Björn Þorláksson - Vignir Hauksson
3. sæti með 51 stig Kristján Már Gunnarsson - Gunnlaugur Sævarsson
4. sæti með 38 stig Steinar Jónsson - Hrannar Erlingsson
5. sæti með 37.9 stig Logi Sigurðsson - Heiðar Baldursson

Íslandsmót eldri spilara í tvímenning

14 pör spiluðu á Íslandsmóti eldri spilara í tvímenning.

Efstu sætin skipuðu

1. sæti 61.93% Sigurður Vilhjálmsson - Ísak Örn Sigurðsson
2. sæti 58.2% Aðalsteinn Jörgensen - Sverrir G Ármannsson
3. sæti 56.49% Vigfús Pálsson - Rosemary Shaw
4. sæti 55.96% Gísli Steingrímsson - Sigurður Steingrímsson
5. sæti 54.14% Sverrir Þórisson - Þórir Sigursteinsson

Íslandsmót eldri spilara í sveitakeppni

Það voru 12 sveitir sem spiluðu á Íslandsmóti eldri spilara.

Urðu úrslit eftirfarandi

1. sæti 98.45 stig Suðurtún
Eðvarð Hallgrímsson - Magnús
Sverrisson - Júlíus Snorrason -
Ragnar Björnsson

2. sæti 91.65 stig Sverrir
Þórisson - Guðmundur
Sveinsson - Sigurður
Vilhjálmsson - Jón Þorvarðarson
- Ísak Örn Sigurðsson

3. sæti 84.87 stig ÞEJ
fasteignir ehf
Aðalsteinn Jörgensen - Sverrir G
Ármannsson - Þórir
Sigursteinsson - Hrólfur
Hjaltason

4. sæti 82.32 stig Silfurrefir
Vigfús Pálsson - Rosemary Shaw
- Guðmundur Skúlason - Björn
Friðriksson

5. sæti 75.1 stig ML sveitin
Sigmundur Stefánsson -
Hallgrímur Hallgrímsson -
Guðmundur Birkir Þorkelsson -
Ingibjörg Guðmundsdóttir



Sveit Suðurtúns



ML sveitin varð Íslandsmeistari í 70 ára plús

SPILARI ÁRSINS

Bridgespilari ársins var valinn í fyrsta skipti fyrir árið 2023. Bikarinn er nefndur eftir besta bridgespilara sem Ísland hefur átt, Jóni Baldurssyni.

Elin Bjarnadóttir ekkja Jóns afhenti bridgespilara ársins verðlaunin. Að þessu sinni var Aðalsteinn Jörgensen valinn og er bridgespilari ársins 2023.



Elin Bjarnadóttir og Aðalsteinn Jörgensen

Flest skoruð Meistarastig árið 2023



- Aðalsteinn Jörgensen - 187**
Matthías Gísli Þorvaldsson - 184
Birkir Jón Jónsson - 173
Bjarni Hólmar Einarsson - 163
Sigurbjörn Haraldsson - 145

Ómar Olgeirsson - 134
Stefán Stefánsson - 131
Guðjón Sigurjónsson - 126
Gunnlaugur Sævarsson - 122
Magnús Eiður Magnússon - 121

Stefán Jóhannsson - 121
Rúnar Einarsson - 120
Hermann Friðriksson - 116
Sveinn Rúnar Eiríksson - 116
Kristján Már Gunnarsson - 113

Flest skoruð Bronstig árið 2023



- Halldór Þorvaldsson - 1841**
Magnús Sverrisson - 1798
Stefán Stefánsson - 1279
Hermann Friðriksson - 1253
Gunnlaugur Karlsson - 1149







NORÐURLANDAMÓT

Norðurlandamótið var spilað í Örebro í Svíþjóð. Fyrir hönd Íslands tóku þátt: Í kvenna flokki, Inda Hrönn Björnsdóttir, Arngunnur Jónsdóttir, Anna Heiða Baldursdóttir og Alda Guðnadóttir. Fyrirliði var Anna Ívarsdóttir.

Í opnum flokk, Jón Baldursson spilandi fyrirliði, Matthías Þorvaldsson, Sigurbjörn Haraldsson, Aðalsteinn Jörgensen, Bjarni Einarsson og Birkir Jón Jónsson. Vert er að þakka Einar Gudjohnsen fyrir stuðning við starfið.

Niðurstaðan var ekki nægjanlega góð í opna flokknum og tölvvert slakari en væntingar stóðu til. Niðurstaðan í kvennaflokknum var hins vegar viðunandi.

Lokastaða í kvenna flokki

Rank	VP	Team
1	156.27	 Sweden Yellow
2	138.82	 Denmark
3	109.85	 Finland
4	85.46	 Iceland
5	66.29	 Norway
6	44.33	 Sweden Blue

Lokastaða í opnum flokki

Rank	VP	Team
1	132.79	 Norway
2	112.90	 Sweden
3	112.27	 Denmark
4	95.75	 Finland
5	93.92	 Iceland
6	52.37	 Faroe Islands

LOKAORÐ

Ég vil þakka öllum bridgespilurum fyrir frábært samstarf á árinu. Þetta var ár Bridgeíþróttarinnar. Við fengum mikinn meðbyr, aukin aðsókn var í að læra spilið og almenn jákvæðni var í samfélaginu gagnvart okkar frábæru vöru sem er bridge, skemmtilegasta spil í heimi.

Við gerðum mjög mikið á árinu, héldum úti blómlegri starfsemi og hófum sókn í barna- og unglíngastarfi. Allt þetta er langhlaup og mikilvægt að allir taki þátt í jákvæðni gagnvart öllu því sem við erum að gera. Hrósum frekar hvort öðru en gagnrýnum. Leitum leiða til að finna það jákvæða í fari hvers annars. Jákvæðni smitar út frá sér og eykur áhuga á því sem við erum að gera og það sem er mikilvægara - eykur áhuga fólks á að læra og spila bridge.

Rekstarlega höfum við náð að snúa skútunni við, við skilum af okkur góðu búi, við höfum náð að snúa taprekstri undanfarinna ára í hagnað. Við erum með eigið fé upp á vel yfir 100 milljónir sem er aðallega húseignin okkar. Við höfum náð að greiða niður skuldir og stöndum vel. Þó er lítið afgangs og þá er mikilvægt að nýta þá fjármuni í uppbyggingu barna- og unglíngastarfs. Það má þó ekki gleyma því að við höfum rekið Sambandið með miklu aðhaldi og er ekki mikið svigrúm í rekstrinum. Eins höfum við ekki í neina sjóði að sækja þegar kemur að viðhaldi en það eru líkur á því að á einhverjum tímapunkti þurfi að fara í viðhald á húseigninni í Síðumúla.

Barna- og unglíngastarf mun áfram vera í algjörum forgrunni í okkar starfi. Við höfum sýnt að það er hægt að ná árangri. Krökkum finnst ennþá gaman að spila bridge en það er okkar að ná í krakkana og halda þeim við efnið. Allt þetta er langhlaup og það er mikilvægt að hafa úthald.

Ég er stoltur af okkar starfi í hreyfingunni, það eru forréttindi að vinna við áhugamálið og það er gaman að sjá þann árangur sem við erum að ná. Við erum að stíga stór skref og skref sem eftir er tekið. Það er líka ljóst að við þurfum að gera það saman. Með jákvæðni og bjartsýni að leiðarljósi.

Bridge gerir lífið skemmtilegra og við skulum bara segja öllum frá því.

Matthias Imsland
Framkvæmdastjóri